# BYGGINGARLÝSING

ALMENNT

Um er að ræða tvær viðbyggingar. Önnur er við vesturhlið húss, en hin á milli núverandi bílgeymslu og íbúðarhúss.

BURÐARVIRKI, ÚTVEGGIR, GLUGGAR OG ÞÖK

Útveggir eru staðsteyptir. Veggir einangraðir að innan með 100 mm plasteinangrun, grófhúðaðir að utan og málaðir.

Á anddyrisbyggingu er uppstólað þak og 200 mm þéttullareinangrun á steinsteyptri loftplötu. Þak millibyggingar er byggt upp með sperrum og einangrað með 200 mm þéttpressaðri steinullareinangrun á milli sperra. Þök eru klædd bárujárni.

Gluggar eru úr timbri. Í gluggum er tvöfalt einangrunargler sbr. byggingarreglugerð gr. 183.

Undir botnplötu viðbygginga er 75 mm plasteinangrun.

INNVEGGIR OG LOFT

Nýir innveggir sem ekki eru berandi, eru almennt gifsveggir á stálgrind með þéttullareinangrun í grind og miðaðir við almennar hljóð- og brunakröfur byggingarreglugerðar (flokkur I). Niðurtekin loft í húsinu eru gifsplötuloft á stálgrind, miðuð við almennar hljóð- og brunakröfur byggingarreglugerðar (flokkur I). Þau eru fúgulaus, með hljóðdeyfiplötum að hluta og innfelldri lýsingu.

LAGNIR

Í húsinu er gólfhitakerfi. Raflýsing er hefðbundin. Megináhersla er á náttúrulega loftræsingu um gluggafög. Gert er ráð fyrir snjóbræðslukerfi í stæðum framan við bílgeymslu og aðkomu gangandi að húsinu.

ANNAÐ

Sorpgeymsla er fyrir framan hús og skal vera í fullu samræmi við 84.gr. byggingarreglugerðar.

Kólnunartölur eru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar gr. 180.3. Burðarvirki húss skal vera a. m. k. REI 60. Vegg-og loftaklæðningar eru í flokki 1. Gólfklæðningar í flokki G

Allur frágangur eldstæðis og reykháfs skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar gr. 193 og 194.

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA

23. MAR. 2010

BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM




GRUNNMYND M 1:100




AFSTÖÐUMYND M 1:500

HÚSIÐ ILLUGAGATA 15 B ER UPPHAFLEGA HANNAÐ AF KJARTANI SVEINSSYNI

| | | |
|---|---|---|
| TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf. arkitektar faí. | ILLUGAGATA 15 B | |
| SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 552-8740, FAX: 562-8740, NETFANG: TEIKNA@TEIKNA.IS | VESTMANNAEYJUM VIÐBYGGINGAR | VERK 10-929 |
| | AÐALTEIKNING | BLAÐ 101 |
| | GRUNNMYND OG AFSTÖÐUMYND | |
| HANNAÐ gy | TEIKNAÐ gy, egg | REYKJAVÍK 2010-04-30 |
| KVARÐI 1:500 / 1:100 | | BREYTT |

Kt. 270847-2509